

Landspítali – Lyflækningasvið

A-6, lungnadeild

108 Reykjavík

Tegund skoðunar: Takmörkuð úttekt 29.1.2018

Staðsetning skoðunar: A-6, lungnadeild

Deild:

Eftirlitsmaður:

Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:

Upplýsingar tengdar heimsókn:

Takmörkuð úttekt vegna rakaskemmda, álags og fjarvistaveikinda. Frá Vinnueftirlitinu voru og sérfræðingar frá efna - og hollustudeild.

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið.

Áður en tímafrestir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Taka skal með í áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir þau atriði sem athugasemdir eru gerðar við í þessari skýrslu. Þó geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

Kynning

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

Athugasemd 1 - Inniloft

Lýsing & mat á aðstæðum:

Í lyfjaherbergi eru sjáanlegar rakaskemmdir auk þess sem að í rýminu er megn fúkkalykt. Búið er að brjóta gat á forskalaðan vegg þannig að hægt er að sjá í rör inni í veggnum. Veggir virðast vera klæddir með tjörupappa að innan sem lítur mun ver út í nágrenni við rörin en fjær þeim. Þetta gæti verið vísbending um langvarandi leka.

Yfir gatinu var byggingarplast sem dregið hafði verið til hliðar þannig að það varnaði hvorki því að lykt né annar óþrífnaður bærisk frá gatinu út á gang og í önnur rými. Það var nokkur umgengni starfsmanna inn í herbergið og því barst lyktin fram á gang.

Hinu megin við vegginn er aðstaða deildarritara og vaktherbergi. Í þeim rýmum hefur fundist megn lykt öðru hverju síðan í nóvember 2017.

Fyrirmæli

Notkun á Vaktherbergi merkt 618 og lyfjaherbergi merkt 626 er bönnuð þangað til búið er að finna upptök rakans og koma í veg fyrir hann og í framhaldinu gera við vegginn. Gera skal ráðstafanir til að mögulega óheilmæmt loft frá þessum rýmum berisk ekki í önnur vinnurými eða í vistarverur sjúklinga.

Lög & reglur:

581/1995, 3.gr.: Reglur um húsnæði vinnustaða

Athugasemd 2 - Inniloft

Lýsing & mat á aðstæðum:

Rakaskemmdir eru í lyfjaherbergi. Starfsmenn deildarinnar sem þurfa oft að fara í herbergið og hafa margir vinnuaðstöðu hinum megin við vegginn hafa fundið fúkkalykt reglulega síðan í nóvember og upplifa óþægindi í kjölfar þess.

Fyrirmæli

Þjóða skal starfsmönnum á A6 að fara í heilsufarsskoðun með tilliti til áhrifa frá myglusvepp.

Veittur frestur:

28.2.2018

Lög & reglur:

46/1980, gr. 67: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Athugasemd 3 - Inniloft

Lýsing & mat á aðstæðum:

Rakaskemmdir eru í lyfjaherbergi.

Fyrirmæli

Senda skal Vinnueftirlitinu yfirlit yfir þær aðgerðir sem búið er að framkvæma og þær sem áætlaðar eru í sambandi við rakaskemmdirnar í lyfjaherbergi.

Veittur frestur:

28.2.2018

Áður en tímafrestitir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið skodun@vinnueftirlit.is

Dagsetning og undirskrift eftirlitsmanns

Andmælaréttur

Samkvæmt 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um nefni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnueftirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Frestur til andmæla á ekki við ef vinna er bönnuð, starfsemi stöðvuð eða gefin eru fyrirmæli um tafarlaugar úrbætur skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 og taka slíkar ákvarðanir gildi strax.

Áfrýjun úrskurða

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnueftirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 46/1980 frestar kæra á ákvörðunum Vinnueftirlitsins samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laganna ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi.